

## Nýútkomin lög.

Konungleg auglýsing um, að konungur sje kominn heim aptur, gefin út 30. nóvbr. 1879, birt í A deild stjórnartíðinda 1879 bls. 100—101.

Lög um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, staðfest 9. janúar 1880, birt í A deild stjórnartíðinda 1880 bls. 2—5.

Lög um uppfæðing barna í skript og reikningi staðfest 9. janúar 1880 birt í deildinni A bls 6—9.

— *Brjef landshöfðingja til landfógeta um tilsögn í sönglist og organslætti.* — Með því að organsleikarinn við dómkirkjuna í Reykjavík Jónas Helgason hefir skuldbundið sig til að fullnægja skilyrði því, sem sett er í 12. gr. B IV. fjárlaganna, um «að veita ókeypis tilsögn í sönglist og organslætti þeim, sem gjörast ætla organleikarar við kirkjur út um landið», vil jeg hjer með mælast til þess, að þjer herra landfógeti útborgið nefndum Jónasi Helgasyni upphæð þá, 1000 kr. um árið, sem í þessu tilliti er veitt í fjárlögunum, með  $\frac{1}{12}$  eður 83 kr. 33 a. um hvern mánuð.

1  
10. jan.

— *Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um að víkja fulltrúa úr bæjarstjórninni.* — Jón landshöfðingjaritari Jónsson hefir 4. f. m. áfrýjað til mín ályktun þeirri, sem meiri hluti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík feldi á fundi sama dag, þar sem honum var vikið úr bæjarstjórninni, og með brjefi frá 3. p. m. hefi jeg meðtekið bæði álit bæjarstjórnarinnar um þær ástæður, sem þessi ályktun styðst við, og einnig yfirlýsing áfrýjanda í þessu tilliti með þeim athugasemdum, sem næstnefnd yfirlýsing hefir gefið herra bæjarfógetanum tilefni til, sem og brjef frá 6. p. m., sem inniheldur þær ítarlegu skýringar, sem jeg í þessu efni hafði óskað að fá. Samkvæmt þessu skal yður, herra bæjarfógeti, tjáð hið eptirfylgjandi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar bæði fyrir bæjarstjórninni og Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni.

2  
13. jan.

Rjettur sá, sem bæjarstjórnin á eptir 10. gr. tilskipunar um bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar frá 20. apríl 1872 til að víkja úr bæjarstjórninni bæjarfulltrúa þeim, sem vanrækir eða færast undan að gjöra það, hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, er í sjálfu sjer ekki samkvæmur undirstöðu þeirri, sem tilskipunin er byggð á í heild sinni, sem sje rjetti bæjarbúa til þess að kjósa meðal hinna kjörgengu bæjarbúa, fulltrúa þann, sem þeir, kjósendurnir, með atkvæðafjölda álíta færastan til þessa starfa, verður því eptir hlutarins eðli að beita rjetti þessum með mestu varúð, sem og liggur bæði í orðatiltækjum tilskipunarinnar: «Þannig að nauðsyn beri til, að hann fari frá» og í því, sem við er bœtt, að sá, sem vikið er úr bæjarstjórninni móti vilja sínum, «getur borið kæru sína undir landshöfðingja, sem leggur endilegan úrskurð á málið»; því landshöfðingi hlýtur að byggja úrskurð sinn á úrslitum þeirrar spurningar, hvort sú skyldvanrækt, sem hefir orsakað útilokunina, er svo vaxin, að hún gjöri útilokun hlutaðeigandi bæjarfulltrúa nauðsynlega.

Ástæðurnar sem bæjarstjórnin hefir byggt á útilokun þá, sem hjer ræðir um, eru eptir yfirlýsing hennar frá 18. f. m. þær, sem nú skal greina:

1. Að Jón landshöfðingjaritari Jónsson hafi færst undan að skrifa undir gjörða-Hinn 9. febrúar 1880.